

FRJÁLS

PALESTÍNA

MÁLGAGN FÉLAGSINS ÍSLAND-PALESTÍNA – 1. TBL. 15. ÁRG. – NÓVEMBER 2004

Múrinn er hryðjuverk

Um þessar mundir eru fjögur ár liðin síðan Sharon ruddist inn á helgasta reit múslima í Jerúsalem með her manna og kallaði þar með fram mótmæli Palestínumanna sem síðan voru kærð í blóði. Það varð upphafið að síðari Intifödu sem kennd er við Al Aqsa moskuna. Á þessum fjórum árum hafa Ísraelsher og landtökumenn myrt á fjórða þúsund Palestínumanna, þar af mörg hundruð konur og börn.



Sveinn Rúnar Hauksson skrifar

inn. Beer-Sheva, sem er í Suður-Ísrael og ekki langt frá Gazaströnd, var fæðingurborg Sheik Yassin, trúarleiðtoga Hamas-samtakanna, sem var myrtur er hann kom frá guðsþjónustu skammt frá heimili sínu í einu fátækrahverfi Gazaborgar. Með honum féll meðal annarra sonur hans. Skömmu síðar var annar helsti leiðtogi Hamas-samtakanna myrtur með



flugskeytaárás, barnalæknirinn Rantissi. Árásin hálfu ári síðar var sögð hefnd fyrir þá og fjölda annarra sem Ísraelsher hefur myrt. Það var víða látið hljóða svo í fjölmiðlum að tiltölulega kyrrlátt ástand sem ríkt hefði í hálf tveimur árum hefði verið rofið með árásinni í Beer-Sheva. Í þessu „kyrrláta ástandi“ héldu Ísraelar áfram linnulausum árásum sínum úr lofti og af láði á íbúðahverfi Palestínumanna, Framhald á bls. 7

Byggið brú til friðar, ekki múra haturs, stendur á þessu spjaldi sem börnin halda á lofti. Það var Arna Ósp Magnúsdóttir sem tók þessar myndir í Palestínu síðasta sumar.

Meira en sjö hundruð Ísraelar hafa fallið í valinn, hermenn og landtökufólk en þó miklu meiri fjöldi óbreyttra borgara, þar á meðal ófá börn, sem hafa verið myrt í sprengjuárásum einstaklinga og hópa sem tilheyra Hamas og öðrum vopnuðum andspyrnuhreyfingum á herteknu svæðunum. Rétt er að halda því til haga að palestínsk yfirvöld fordæma morðin sem herskáir Palestínumenn fremja og eru þau andstæð stefnu löggjafarþings og kjörinna forystumanna Palestínu, en morðin sem Ísraelar fremja á óbreyttum borgurum á herteknu svæðunum eru flest skipulögð af þarlendum stjórnvöldum, ríkisstjórn og her. Landtökufólk er yfirleitt ekki dregið til ábyrgðar fyrir skipuleg morð á Palestínumönnum.

Linnulausar árásir Ísraela „kyrrlátt ástand“

Sjálfsmorðsárásir í Ísrael höfðu legið niðri í hálf tveimur árum er þær tóku sig upp að nýju ekki alls fyrir löngu með sprengjutilræði í Beer-Sheva þar sem fjöldi fólks, konur og börn féllu í val-



Það er okkar að velja



Ræða Ógmundar Jónassonar á stuðningsfundi með Palestínu í Borgar-leikhúsinu 15. nóvember sl.

Gamall Cherokee indíáni var einhverju sinni að gefa barnabörnum sínum heilræði. Hann sagði þeim að innra með sér væru tveir úlfar sem berðust upp á líf og dauða. Annar væri úlfur óttans, reiðinnar, öfundar, eftirsjár, græðgi, minnimáttarkenndar, sjálfsvorkunnar, lyga, hroka og haturs. Hinn væri úlfur gleðinnar, ástúðar, gjafmildi, vinsemdar, væntumþykju, hógværðar og sáttfýsi.

Sams konar barátta er háð innra með ykkur og sérhverjum manni, sagði gamli indíáninn við barnabörn sín.

Hvor úlfurinn vinnur, spurði þá eitt barnið. Sá úlfurinn lifir sem ég fóðra, svaraði gamli maðurinn að bragði.

Yasser Arafat lifði í heimi þar sem úlfur hatursins var alltaf vel nærður. Í slíkum heimi er sá afreksmaður sem hefur þrek til að gerast boðberi sáttfýsi. Slíkur maður var Yasser Arafat.

Arafat var innan við tvítugt þegar Ísraelsríki var stofnað árið 1948 á rúmlega helmingi lands páverandi Palestínu. Eftir harðvítug átök á næstu misserum héldu Palestínumenn aðeins fimmtungi lands síns. Og enn var að þeim þrengt í styrjöldum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Og nú – í upphafi 21. aldarinnar – rís hinn illræmdi aðskilnaðarmúr á Vesturbakkanum. Mörg hundruð kílómetra fangelsismúr sem er ætlað að loka heila þjóð inni. Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu er reistur af verkfræðilegri nákvæmni.

Þegar nasistar murkuðu lífið úr milljónum gyðinga á valdatíma sínum í Býskalandi var það ekki aðeins fjöldi fórnarlambanna sem vakti ugg og hrylling í brjóstum manna heldur einnig sú yfirvegum sem lá að baki voðaverkunum, verkfræðivinnan við hönnun útrýmingarbúðanna og allt skipulag að baki ódæðnum. Í ritgerð sinni „The Banality of Evil“, fjallar Edward S. Herman um það sem hann kallar normaliseringu, að gera illskuna gjaldgenga. Það krefjast normaliseringar að framkvæma illvirki á skipulegan hátt. Yfirleitt skipti menn með sér verkum við að gera hið ógerlega gerlegt og hið ótrúlega trúlegt. Einn aðilinn drepi og brútaliseri, annar vinni að bættari tækni, betra dráps-

gasi, langvinnari loga, napalmi sem læsi sig betur inn í húðina, sprengjuflísus sem erfiðara sé að ná út úr holdi. Þetta sé verkefni sérfræðinga og tæknimanna. Fjölmíðlarnir geri síðan verk þeirra eðlileg, normaliseri þau.

Fræðimaðurinn og fréttamaðurinn John Pilger skrifaði magnaða grein í breska tímaritið New Statesman í vikunni sem leið. Hann gagnrýnir þar harðlega starfssystkin sín í fjölmiðlastétt. Pilger vitnar í frásagnir almennra fjölmiðla af atburðum sem nú eiga sér stað í Fallujah í Írak, hvernig fjölmiðlarnir lýsi umsátrinu, hve árásin á borgina sé hættuleg, gifurlega hættuleg – fyrir árásrliðið! Hitt gleymist aftur eða öllu heldur því sé gleymt, það sé þagað í hel, að í borginni – að í Fallujah – er að finna venjulegt fólk! Og gagnvart því er nú verið að fremja hryllilega stríðsglæpi.

Hlutskipti Palestínumanna, saga þeirra – milljóna kvenna, karla og barna – hefur undanfarna áratugi verið þyrnum stráð. Í allt of ríkum mæli hefur sú saga verið normaliseruð – fólsum. Ef aðeins að við vissum – ef aðeins að við öll vissum það sem gerst hefur, þá hefði heimurinn aldrei umborið það ofbeldi sem Palestínumenn hafa verið beittir.

Ég hef aldrei búið í flóttamanna-búðum. En úr fjarlægð hef ég, eins og við öll, fylgst með hlutskipti þess fólks sem hrakið er brott frá heimkynnum sínum og hefur mátt búa við erfið kjör, öryggisleysi og óvissu um framtíðina.

Sem fréttamaður fylgdist ég úr fjarlægð með því þegar árásin var gerð á flóttamannabúðir Palestínumanna í Sabra og Shattila í Líbanon árið 1982. Í skjóli myrkurs, þegar fólk var í fastasvefni, fóru vopnaðar sveitir inn í búðirnar og á hárrétta augnabliki – allt skipulagt af verkfræðilegri nákvæmni – hófu þyrllur Ísraelskers sig til flugs og lýstu með sterkum ljóskösturum niður í þröngar göturnar svo morðingjarnir gætu afhafnað sig betur.

Ég fylgdist einnig með því úr fjarlægð þegar Sharon, sem stýrði fjöldamorðnum 1982 og er núverandi forsætisráðherra Ísraels, fór fylktu liði á

Musterishæðina í Jerúsalem, að Al Aksa moskunnunni til að ögra Palestínumönnum. Og þegar unglingar í þeirra röðum gripu til steinvólunnar voru þyrllur komnar í loftið, vopnaðar vélbyssur sem beitt var á fólk. Intifada – uppreisnin sem staðið hefur undanfarnir 4 ár – var hafin; kölluð fram og haldið við með morðum, stöðugu áreitni; og eins og fyrri daginn, allt skipulagt af verkfræðilegri nákvæmni.

Þessi nákvæmnisvinna rann fyrst upp fyrir mér fyrir alvöru þegar ég hlýddi einhverju sinni á fyrirlestur Sveins Rúnars Haukssonar læknis, formanns Félagsins Íslands Palestínu, þar sem hann lýsti upphafi árásar

FRJÁLS PALESTÍNA

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína,

1. tölublað, 15. árgangur, nóvember 2004

Ritstjóri:

Auður Karítas Ásgeirsdóttir

Útlit og umbrot:

Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:

Formaður:

Sveinn Rúnar Hauksson

Varaformaður:

Viðar Þorsteinsson

Ritari:

Auður Karítas Ásgeirsdóttir

Gjaldkeri:

Þorvaldur Örn Árnason

Meðstjórnandi:

Vésteinn Valgarðsson

Varastjórn:

Borgþór Kærnested

Hilda Allansdóttir Shwaiqi,

Sara Kolka

Póstfang:

Félagið Ísland-Palestína

Glaðheimum 8, 104 Reykjavík

Sími/fax: 553 1302,

GSM: 895 1349

Heimasíða: www.palestina.is

Netfang: palestina@palestina.is

Ísraelshers á Ramallah. Hvar skyldi fyrst hafa verið borð niður? Hvar skyldi vígvélum og stórskotaliði Ísraelshers fyrst hafa verið beitt? Gegn lögreglustöðvum? Nei. Fyrst var ráðist á Hagstofuna og tryggingastofnun; tölvukerfið sem var undirstaða alls skipulags Palestínumanna, alls innra samhjalpar- og stoðkerfis þeirra – það var fyrst eyðilagð – það var fyrst sprengt í loft upp.

Þessi frásögn varð mér umhugsunarefni og þá ekki síður frásagnir hugsjónafólksins sem hédan hefur farið til að sinna hjálparstarfi í Palestínu á undanföllum misserum. Eva Líf Einarsdóttir skrifaði á heimasíðu Félagsins Ísland Palestína 17. janúar sl. Ég drep niður í frásögn hennar: „Því lengri tíma sem ég dvel hér, því meira er ég að kynnast fólki, fólki sem er búið að upplifa hluti sem eru okkur svo fjarlægir ... maður hefur fylgst með atburðum í fjölmíðlum en þegar maður er staddur hér þá finnst mér eins og ég sé virkilega að skilja (og þó ekki) hvaða hörmungar eru í gangi ... Ímyndaðu þér að í kringum alla Reykjavík séu eftirlitsstöðvar hermanna ... að þú sem býrð í Kópavogi mátt ekki fara að heimsækja ættingja þína í Reykjavík ... að í fyrfasumar þurftir þú og fjölskyldan þín að híma heima í 30 daga með lítinn sem engan mat, og að horfa á sjónvarpið [nokkuð sem] er engin dægurvöl því það eina sem þú sérð eru myndir af fólki, börnum sem þú jafnvel þekkir, dáið eða sært. ...

Ímyndaðu þér að þú þurfir að fara út í búð, þú og maðurinn þinn með tveggja mánaða barn og þið eruð stoppuð, úti er myrkur og hermennirnir segja manningnum að koma út og labba með þeim fyrir horn ... þar afklæða þeir manninn og láta hann liggja á jörðinni í 3–4 tíma ... þú og barnið bíðið í bílnum og vitið ekki neitt ... og svo sleppa þeir honum, hlējandi...

Ímyndaðu þér að hermenn ráðist inn á heimili þar sem móðir og börn eru heima ... hermennirnir taka níu ára barn inn á klósett, setja það ofan í baðkarið, sprauta köldu vatni yfir það um leið og byssum er beint að höfði barnsins en þeir vilja vita hvar faðirinn er ... sem barnið veit ekki ... hermennirnir fara síðan og segjast koma fljótlega aftur og gera það sama ... Þetta er eitthvað sem á beinan eða óbeinan hátt hefur hent fólkið sem ég bý hjá hér í Ramallah ...“

Sara Roy er baráttukona fyrir mannréttindum. Hún hefur gerst öflugur málsvari Palestínumanna. Sara Roy er prófessor við Harvard háskólann í Bandaríkjunum. Hún er gyðingur, afkomandi fórnarlamba nasista. Fyrr á þessu ári hélt hún fyrirlestur um ofbeldi og hernám. Hún stað-

næmdist við niðurlæginguna; hún fjallaði um niðurlæginguna þegar henni er beitt sem vopni.

Hún sagði frá því á áhrifaríkan hátt þegar hún fyrst varð vitni að því í Palestínu þegar fólk var skipulega brotið niður: Ísraelskir hermenn voru á vappi. Eftir götunni kemur gamall maður með asna. Lítil drengur skokkar við hliðina á afa sínum glaður í bragði. Hermennirnir skipa þeim að stoppa. Asninn er með gular tennur, segja hermennirnir hlējandi við gamla manninn. Burstar þú ekki

baráttu palestínsku þjóðarinnar. Öll gagnrýni á Arafat er gagnrýni á þessa baráttu. Hann fæddist inn í baráttuna fyrir frelsi og dó umkringdur óvinum. Undir lokin var litið á hann sem þránd í götu friðarsamninga. Þrátt fyrir að hann hafi verið tilbúinn að gefa eftir mun meira land en margir Palestínumenn gátu sætt sig við, þá var hann aldrei tilbúinn til að semja um að falla frá „réttinum til að snúa aftur“ frá flóttamannabúðunum. Þessi réttur var honum meira virði en frelsi strax, þar sem hann taldi að það yrði hægt



Þessi gamla kona reyndi að koma í veg fyrir að veggurinn sem girti af ólívuakur hennar yrði brotinn niður.

tennurnar í honum? Gamli maðurinn er hræddur. Litla drengnum er órótt. Spurningin er endurtekin, nú ógnandi. Þú vanrækir líka að halda rassinum á asnanum hreinum. Kysstu asnann að aftan. Gamli maðurinn hikar. En þegar hermennirnir öskra á hann lætur hann undan og krýpur á kné aftur fyrir asnann og framkvæmir það sem honum er skipað. Drengurinn er nú hágrátandi. Tárin streyma niður vanga gamla mannsins. Hermennirnir ganga hlējandi á brott. Þeir höfðu náð takmarki sínu, segir Sara Roy, að niðurlægja gamla manninn og okkur öll sem safnast höfðum saman til að fylgjast með því sem þarna gerðist. Við stóðum öll þögl og forðuðumst að líta hvert á annað. Litli drengurinn horfði skilningsvana og í örvæntingu á afa sinn – fyrirmynd sína í lífinu. Gamli maðurinn hreyfði sig ekki. Hann bara stóð þarna, niðurlægður, niðurbrotinn.

Eina leiðin til að skilja Yasser Arafat er að skipta út nafninu Arafat fyrir

að byggja upp pólitíska baráttu síðar, ef fólk aðeins „fengi að snúa aftur“.

Mörgum er í fersku minni þegar einn nefndarmanna í norsku friðarverðlaunanevndinni sem veitti Arafat, Rabin og Peres nóbelsverðlaun, sagði af sér þar sem hann treysti sér ekki til að veita hryðjuverkamanni friðarverðlaun. Og þeir sem veita siðferðileg heilsufarsvottorð, eins og til dæmis Ariel Sharon og George Bush hafa gagnrýnt hann fyrir að vera hryðjuverkamaður.

Stríð eru hryðjuverk, og kennisetningin um gott stríð er versta hryðjuverkið af öllum. Hin góðu stríð Blairs og Bush er hugmyndafræðileg skemmdarstarfsemi sem á eftir að hafa hræðilegar afleiðingar á næstu árum og áratugum. Eina stríðið sem er skiljanlegt er varnarstríð, sem gerir það samt sem áður ekki að góðu stríði þótt hægt sé að skilja það og réttlæta út frá hinu mannlega hlutskipti.

Yasser þýðir hinn áhyggjulausi á Framhald á bls. 11

Arafat – sigur um síðir

Yasser Arafat lést á sjúkrahúsi í París fyrir skömmu. Arafat er einn þeirra þjóðarleiðtoga sem settu svip sinn á síðustu öld, rétt eins og Ho Chi Minh og Nelson Mandela. Þessir leiðtogar eiga það sameiginlegt að hafa leitt þjóðir sínar í frelsisbaráttu gegn nýlendustefnu, heimsvaldastefnu og apartheid – aðskilnaðarstefnu.

Yasser Arafat hefur leitt þjóð sína í 40 ár og liðin er hálf öld síðan hann stofnaði fyrstu samtökin til frelsunar Palestínu. Arafat er löngu orðinn lifandi tákn réttindabaráttu palestínsku þjóðarinnar. Þrautseigja hans og þolgæði í þessari baráttu er táknræn fyrir þjóð sem á undraverðan hátt hefur lifað af grimmúðlegt hernám í áratugum saman, án þess að reisa hennar, mildi og mannúð hafi farið forgörðum.

Framan af gekk baráttu Arafats og félaga hans út á að frelsa alla Palestínu undan oki nýlendustefnu og zionisma. Markmiðið var eitt lýðræðislegt ríki fyrir alla íbúana, jafnt gyðinga, múslima sem kristna. Sú stefna fól í sér afnám Ísraelsríkis í núverandi mynd, en það skilgreinir sig sem gyðingaríki og grundvallast þannig á aðskilnaðarstefnu.

Árið 1988 varð grundvallarbreyting á stefnu PLO. Arafat lýsti yfir sjálfstæði Palestínu þann 15. nóvember 1988 og þá var hann kjörinn forseti Palestínu af þjóðþingi Palestínu. Sama haust ávarpaði Arafat Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og fordæmdi öll hryðjuverk, jafnt einstaklinga sem hópa og ríkja.

Sjálfstæðisyfirlýsingin fól í sér vilja til að stofna fullvalda ríki á fimmtungi (22%) upphaflegrar Palestínu, það er Gaza og Vesturbakkanum að meðtalinni Austur-Jerúsalem. Þessi yfirlýsing fól í sér stórkostlega eftirgjöf. Hún fól í sér viðurkenningu á tilvist Ísraelsríkis og þess utan eftirgjöf á öllu því svæði sem Ísrael hertók á árunum 1948–49. Landamærin skyldu miðast við Grænu línuna, vopnahlésínuna frá 1949 sem var í gildi fram að hernáminu árið 1967.

Eftir Yom Kippur stríðið 1973 varð Arafat endanlega ljóst að baráttan yrði ekki leidd til lykta með vopnum. Ísraelsríki hafði frá upphafi haft hernáðarlega yfirburði yfir alla nágranna og nú lá fyrir að Ísraelar, einir þjóða í Austurlöndum nær, réðu yfir kjarnorkuvopnum. Segja má að hið svokallaða friðarferli hafi hafist þá með leynilegum viðræðum Frelsisamtaka Palestínu (PLO) og Ísraelsstjórnar, en PLO eru enn eini lögmæti fulltrúi allrar palestínsku þjóðarinnar og samn-



**Yasser Arafat,
leiðtogi þjóðar
sinnar í 40 ár.**

ingsaðili í friðarviðræðum. Þessar leynilegur viðræður leiddu um síðir til Oslóarsamkomulagsins 1993.

Þær vonir sem bundnar voru við Oslóarsamkomulagið reyndust talvonir, einkum eftir að Yitshak Rabin forsætisráherra var myrtur af ofstækisfullum Ísraela, skoðanabróður þeirra sem til valda hafa komist. Sharon hafnaði algerlega Oslóarsamkomulaginu sem fól í sér að Ísraelar skyldu skila herteknu landi í samræmi við ályktanir Öryggisráðsins. Arafat og forystu PLO hafði verið hleypt inn á herteknu svæðin 1994 og árið 1996 var Arafat kjörinn forseti í lýðræðislegum kosningum á herteknu svæðunum með 84 % atkvæða. En í stað þess að Ísraelar stæðu við samninga um að skila landinu til Palestínuranna, minntu herteknu svæðin stöðugt meir á allsherjarfangabúðir. Atvinnuleysi og fátækt hefur vaxið

með ári hverju. Sjálfur forseti landsins, Arafat, hefur verið fangi í tvö og hálf ár í stjórnarbyggingu sem Ísraelsher hefur lagt í rústir.

Sjálfsvörðunarréttur palestínsku þjóðarinnar, rétturinn til að stofna sjálfstætt, fullvalda ríki og réttur palestínskra flóttamanna til að snúa heim aftur og til bóta fyrir eignatjón, eru réttindi sem Sameinuðu þjóðirnar hafa margsinnis áréttað og eru í samræmi við alþjóðalög og rétt. Þótt Ísraelsríki hafi staðið nánast eitt gegn réttmætum kröfum Palestínuranna um endurheimt síns lands, frelsis og mannréttinda þá hefur Bandaríkja-stjórn æ ofan í æ beitt neitunarvaldi og framlengt þannig kúgun og manndráp sem hernámið hefur í för með sér.

Sharon hefur engan áhuga á friðargjörð við Palestínurmenn. Hann tilheyrir þeim hluta Ísraela sem er því

miður alltof stór og lítur svo á að allt land upphaflegrar Palestínun og meira til sé gjöf Guðs til Ísraela. Þeir segja að það standi í Biblíunni. Ef Palestínumenn sýna landtökuliðum lögleg skjöl um eign sína á landi, þá brosa þessir Ísraelar og segja: „Já, já, þú ert með þína pappíra. Mínir pappírar eru frá Guði“.

Landtökuliðið er sagt Sharon reitt fyrir að ætla að skila Gaza. Sennilega er það að hluta til leikaraskapur til að gera sig dýrkeypta og fá sem hæstar bætur fyrir að flytja. Út frá útpenslu-stefnu sionismans er áætlun Sharons

skynsamleg. Hún gengur út á að ná sem mestu landi með sem minnstum tilkostnaði. Hin hliðin á áætlun Sharons varðandi Gaza er nefnilega sú, að styrkja og stækka landtökubyggðirnar á Vesturbakknum.

Aðskilnaðarmúrinn á að innsigla þá stefnu með sementi og gera landránið varanlegt. Með múrnum eru Ísraelar að ræna Palestínumenn rúmum helmingi Vesturbakkans og koma í veg fyrir að Austur-Jerúsalem geti orðið höfuðborg sjálfstæðs ríkis. Raunar er áætlun Sharons, eins og helsti ráðgjafi hans, Dov Weissglass, upplýsti nýverið í ísraelska dagblað-

inu Haaretz, að sópa alfarið af borðinu öllum hugmyndum um sjálfstætt ríki og ekki standi til að semja um frið.

Við fráfall Arafats er palestínska þjóðin að missa leiðtoga sem verið hefur holdgervingur baráttu hennar fyrir réttlæti, kyndilberi vonar og sameiningartákn. Arafat fellur frá án þess að draumur hans hafi ræst, en í minningunni um hann lifir vonin áfram og þrautseigur baráttuandi sem skila mun palestínsku þjóðinni sigur um síðir.

Sveinn Rúnar Hauksson læknir
formaður Félagsins Ísland-Palestína

Fleigur í síðu friðar

Það þyrmir eiginlega yfir mann að þurfa að fjalla um ástandið í Palestínu, – svo skelfilegt er það orðið. Hér situr maður ráðþrota við lykklaborðið, uppi á ísaköldu landi og hamrar inn enn einn vonlausan lesturinn um þennan hrylling sem menn af holdi og blóði hafa bakað sjálfum sér og öðrum fyrir botni Miðjarðarhafs. Þetta er sannast sagna orðið ansi frústrerandi verð ég að viðurkenna. En hvernig ætli þetta sé þá fyrir Palestínumenn sjálfa? Hvernig ætli þeim líði? Það er erfitt að gera sér það í hugarlund hér í friðsemdinni og dasandi værukæmur allsnægtunum.

Eftir hryllingsverkin í síðari heimsstyrjöldinni áttu gyðingar samúð heimsbyggðarinnar óskipta. En með framferði sínu í Palestínu hefur Ísraelsstjórn nú svo gott sem tekist að snúa samúðinni upp í hreina og klára andstygð. Manni liggur við að segja að aðferðir stjórnarinnar við að losa Palestínumenn af eigin landsvæði séu litlu skárri en þær sem nasistar beittu gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni. Best að viðurkenna það bara strax þótt maður megi auðvitað ekki segja það. Hersveitir Ísraelstjórnar hafa markvisst unnið að því undanfarna áratugi að sölsa undir sig landsvæði Palestínumanna með ólögætum hætti og hrekja þá á örvæntingarfullan flóttu. Og allri andspyrnu við innrásarherinn er svo mætt með takmarkalausri og grimmilegri hörku. Drengjum sem kasta steinum í hernámsliðið – af því að þeir hafa ekki annað milli handanna – er svarað með vélbyssum og jafnvel Apache árásarþryllum ef svo ber undir. Geltið í vélbyssunum vélarþyturinn í þrylluspöðunum eru orðin hversdagsleg umhverfisljóð sem ungu drengirnir sem nú malla sér mólótvokkeil í sundurskotnum kjallara á Vesturbakkanna

hafa alist upp við frá blautu barnsbeini. En lítið er spáð í hverjir verða fyrir kúlnaregni Ísraelshers, – skiptir engu hvort saklausir vegfarendur falli í valinn. Eru hvort eð er allt hugsanlegir hryðjuverkamenn segir Ísraelsstjórn og getur með þeim hætti réttlætt hvaða voðaverk sem er. Enginn þarf að svara til saka þótt móðir gráti í hljóði og þjóðinni blæði.

Fimmtán árum eftir að Berlínarmúrinn var rifinn niður af friðelskandi fólki beggja vegna járntrjaldsins er hryllingsstjórnin í Ísrael nú að reisa aðskilnaðarmúr langt inni í miðri Palestínu. Rétt eins og nasistar sem lokuðu gyðinga inn í gettóum undir miðja síðustu öld ætlar stjórnin í Tel Aviv nú að beita sömu aðferðum og fangelsa Palestínumenn innan allsvipaðra gettóum. En það má auðvitað heldur ekki segja upphátt samkvæmt gildandi rétttrúnaði í stjórn málaumræðu dagsins. Og allt er þetta gert í skjóli hinna almáttugu Bandaríkja sem nýlega hafa ráðist inn í tvö önnur múslimríki með allt of fyrirsjáanlegum hörnungum. Bandaríkjastjórn styður nefnilega leynt og ljóst við ríkishryðjuverk Ísraela gagnvart Palestínumönnum sem eru framin með bandarískum vígtólum og niðurgreidd með blóðugum bandarískum dollurum. Getur virkilega verið að menn séu svo fullkomlega skyni skroppnir að halda að lausnin á Palestínuvandanum sé að fangelsa bara allt þetta fólk bak við aðskilnaðarmúrinn hans Sharons? Ég á allaveganna bágt með að trúa því. Ætli stappi ekki nærri að þetta sé einhver heimskulegasta aðgerð sem mögulega var hægt að kokka upp, þótt ýmsar aðrar ansi vitlausar hafi þegar verið reyndar, og mun ekki verða til annars en að hella olíu á eldinn sem þegar logar glatt.

Ljóst er að heiminum öllum stend-

ur ógn af hryðjuverkum öfgatrúarmanna, hvaða sið sem þeir kunna að fylgja. Um það er ekki deilt. En jafnljóst má vera að enginn árangur mun nást í baráttunni gegn hryðjuverkum íslamskra voðaverkahópa fyrr en lausn finnst í deilum Ísraela og Palestínumanna. Um leið er flestum skyni bornum mönnum nú orðið morgunljóst að forsenda farsællar lausnar er að Ísraelar láti af ólögmetu hernámi sínu á landsvæðum Palestínumanna. Þetta liggur fyrir og fáir deila um. En eins og sakir standa bendir ekkert til að það muni gerast án utanaðkomandi þrýstings. Og slíkt er aðeins á færi Bandaríkjamanna. Með öðrum orðum þá mun ekki verða friðvænlegt fyrir botni Miðjarðarhafs fyrr en Bandaríkjastjórn hreinlega neyðir Ísraela til að láta af hernáminu. Enda er það kostað af Bandaríkjamönnum. Án fjárhagsaðstoðar Bandaríkjamanna væri Ísrael gjaldþrota ríki. Bandaríkjamenn hafa því í hendi sér að stöðva voðalegt framferði Ísraela. Þeir geta einfaldlega skrúfað fyrir frekari fjárveitingar og látið af staurlindum stuðningi sínum. En því miður bendir ekkert til að núverandi stjórnvöld með kúrekann keika George W. Bush í broddi fylkingar hafi nokkurn einasta áhuga á því.

Að lokum þetta: Menn skildu hafa hugfast að kristin bókstafstrú er engu betri en íslömsk bókstafstrú.

Eiríkur Bergmann Einarsson
stjórn málafræðingur

Viltu leggja inn góða hugmynd?
Sendu línu á þetta netfang:
palestina@palestina.is



Þeir standa vörð um eyðilegginguna; ísraelskir hermenn bera saman bækur sínar.

Múrinn er hryðjuverk

Framhald á bls. 2

bæði á Gaza og Vesturbakkanum og á þeim 6 mánuðum, meðan árásir palestínskra andspyrnuhópa voru engar, myrtu Ísraelar nærri 300 manns og örkumluðu hundruð annarra.

Aðskilnaðarmúrinn er hryðjuverk

Á meðan hefur bygging aðskilnaðarmúrsins haldið áfram, þvert ofan í úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag 9. júlí sl. og alþjóðalög og ályktanir Sameinuðu þjóðanna, en með stuðningi Bandaríkjastjórnar. Árásarstríð Ísraelsríkis og Bandaríkjanna í Austurlöndum nær; Palestínu, Írak og Afganistan, halda áfram af sívaxandi grimmd og svo furðum við okkur á vaxandi óöld og hryðjuverkum um heim allan. Er við öðru að búast en að pöbullinn haldi sér leyfist það líka, sem herrarnir aðhafast? Löngu er sýnt að múrinn kemur ekki í veg fyrir hryðjuverk; hann er í eðli sínu hryðjuverk og kallar fram hefndir. Múrinn felur í sér stórfellt landrán þar sem Ísraelar leggja endanlega undir sig meira en helming Vesturbakkans og eftirlætur Palestínumönnum uppblásna og einangraða landskika sem bjóða ekki upp á annað en örbirgð, vonleysi og frekari landflóttu.

Friðsamleg lausn er til á pappírnum

Það þýðir ekki að tala um „friðarferli“ á meðan herrar eins og Bush, Sharon og þeirra líkar ráða ríkjum. En það má heldur ekki gleyma því að það er engin önnur lausn til frambúðar en friður og það verður enginn friður án réttlátrar og sanngjarnar lausnar á deilumálum. Nú stendur yfir enn ein hrinan í áróðursherferðinni gegn Arafat, kjörnum forseta Palestínumanna. Sharon og félagar hafa uppi morðhótanir og hafa meðal annars nefnt að Arafat eigi ekki önnur eða betri örlög skilin en Sheik Yassin. Það er auðvelt að gagnrýna stjórnarfar Arafats en því má heldur ekki gleyma, að aðstæðurnar eru engu líkar og í raun ekki hægt að tala um neina raunverulega ríkisstjórn. Ísraelsstjórn og her hafa skipulega eyðilagt stjórnarstofnanir, sprengt upp lögreglustöðvar, og gert vísi að almennu stjórnkerfi að engu. Árásir á Arafat eru árásir á eina leiðtoga Palestínumanna sem gæti fengið palestínsku þjóðina til að sætta sig við þá grundvallarmálamiðlun og eftirgjöf sem felst í að viðurkenna Ísraelsríki, ekki aðeins á þeim rúma helmingi landsins sem Sameinuðu þjóðirnar ætluðu þeim með ályktun-



inni 29. nóvember 1947, heldur með þeirri fjórðungsviðbót sem Ísraelar lögðu undir sig með hernámi á árunum 1948–49. Oslóarsamkomulagið 1993 var staðfesting á þessari eftirgjöf lands sem felur í sér að Ísrael nái yfir fjóra fimmtu hluta hinnar upprunalegu Palestínu (78%), en Ísraelum var ætlað að skila þeim fimmtungi landsins (22%) sem þeir hertóku í leifturstríðinu í júní 1967, Sex daga

stríðinu. Út á þetta ganga ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þessi lausn er í samræmi við þau alþjóðalög sem Ísraelar virða að vettugi með stuðningi Bandaríkjanna.

Sharon ætlar ekki að semja um eitt né neitt

Sharon hefur ekki farið í launkofa með að sá friður sem hann hyggst koma á hefur ekkert með Oslóarsamkomulagið, ályktanir Sameinuðu þjóðanna eða alþjóðalög að gera. Hann lýsti því yfir um leið og hann komst til ædstu valda að hann hefði ekkert við Arafat að tala. Þar með var ljóst að ekki stóð til að semja um eitt eða neitt við Palestínumenn, nema þá skilyrðislausu uppgjöf. Sharon áréttaði það snemma á þessu ári, að það væri enginn viðræðuhæfur í herbúðum Palestínumanna og að hann myndi, ásamt sínum mönnum, kveða einhliða uppúr um framtíð landsins. Áætlunin um að draga landtökulið og Ísraelsher til baka frá Gaza var kynnt. Um leið og allt er óljóst um framkvæmd hennar hefur verið hert á landtökuaðgerðum á Vesturbakkanum.

Stefnubreyting Bandaríkjanna

Með stuðningi sínum við þessa áætlun braut Bush blað í stefnu Bandaríkjanna varðandi Ísrael og Palestínu. Bandaríkjastjórn hefur kastað grímu hins hlutlausu sáttasemjara, sem var orðin drusluleg, og virðir nú opinberlega alþjóðalög að vettugi, hvað snertir hernám Gaza og Vesturbakkans, að meðtalinni Austur-Jerúsalem. Bandaríkjaforseti hefur lagt blessun sína yfir hernám Vesturbakkans. Bush bætti um betur með því að gera að engu grundvallarmannréttindi palestínsks flóttafólks sem enn hirst milljónum saman í flóttamannabúðum, þrátt fyrir skýlausan rétt þess til að snúa heim aftur og rétt þess til eigna sinna og/eða bóta fyrir eignatjón eins og alþjóðalög og ályktanir Sameinuðu þjóðanna kveða á um. Forsetakosningar nálgast í Bandaríkjunum en úrslit þeirra munu litlu eða engu breyta um stefnu Bandaríkjastjórnar og skilyrðislausan stuðning Hvíta hússins og Bandaríkjaþings við glæpsamlegt framferði herforingjanna sem stjórna Ísrael.

Vinnur þolinmæði og þrautseigja á ofureflinu?

Hvað getur umheimurinn gert til að réttlæti nái fram að ganga í Palestínu?

Það er verið að eyðileggja lífsbjörgina. Þau eru á leið til mótmælaaðgerða og ganga stolt undir fána sínum.

Ljósm.: Arna Ösp Magnúsardóttir.

Palestínska þjóðin á við mikið ofurefli að etja, eitt öflugasta herveldi heims „útvörð hins vestræna heims“ eins og zionistarnir kölluðu gyðingaríkið jafnvel áður en það varð til. Bakhjarl þess er ofurveldið eina, bandaríska heimsveldið, eins og það er nú feimnislaust kallað vestan hafs. Ofurveldinu er stjórnáð af mönnum sem telja sig vera í beinu sambandi við Guð almáttugan og að þeim sé ætlað að drottna yfir heiminum í umboði Hans. Efnit er til árásarstríðs eftir morgunbænin í Hvíta húsinu. Þar er mætingarskylda. Það duga fá rök gagnvart mönnum sem stjórna í mikilmennsku-brjálæði og hafa til þess nær ótakmörkuð fjárráð ef um hernað er að ræða, ráða yfir fullkomnustu hernáðar- og njósnotólum heims og beita þeim miskunnarlaust og óspart til að koma á og viðhalda heimsyfírráðum. Það er eðlilegt að margir glúpnir gagnvart þessum veruleika, snúi sér að golfi eða fari í berjamó. En eftir þá hressingu eða aðra verður að takast á við veruleikann. Jörðin okkar verður ekki byggileg nema þessu ástandi verði kollvarpað. Það gerist ekki í einu vetfangi, heldur með þolinmæði og þrautseigju, eins og þeirri sem palestínska þjóðin hefur verið að sýna af sér. Erfitt er um vik í bandarískum stjórnámálum. Þar er þó mest og mikilvægast verk að vinna. Evrópuþjóðirnar hafa sérstakri skyldu að gegna, sögulegrar, viðskiptalegrar og ekki síst getu sinnar vegna, til að hafa áhrif. Sá veldur sem heldur. Stærstur hluti utanríkisviðskipta Ísraels er til Evrópu. Evrópuþjóðirnar hljóta að sýna þá ábyrgð að beita nauðsynlegum þrýstingi gegn ólöglegu hernámi frekar en að horfa upp á ofbeldið og grimmdina viðgangast öllu lengur, án þess að hræra legg eða lið.

Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera?

Íslendingar hafa eins og aðrar þjóðir alþjóðasamfélagsins skyldum að gegna við Palestínu og Ísrael. Þær fela í sér að knýja með öllum tiltækum ráðum á um friðsamlega og réttláta lausn, afnám hernámsins og mannréttindi öllum til handa, að flóttamönnum meðtöldum. Brýnasta verk efnið þessa dagana er að fylgja eftir úrskurði Alþjóðadómstólsins í Haag og ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um aðskilnaðarmúrinn í hertekinni Palestínu, að sjá til þess að múrinn verði rifinn. Enn er að sjá hvernig íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum í þessu sambandi og hvernig nýr utanríksráðherra hyggst framfylgja málinu af Íslands hálfu.

Sveinn Rúnar Hauksson

Hvaða friðarferli?



Hér er lúskrað duglega á einum mótmælendum áður en hann er leiddur á brott. Arna Ösp Magnúsdóttir tók myndirnar.

Spurning dagsins í Fréttablaðinu 28. Okt. sl. var villandi og í raun ekki hægt að svara henni. Spurt var: „Mun brottflutningur landnema frá Gaza og Vesturbakkanum flýta fyrir friðarferlinu?“

Friðarferlið svonefnda er fyrir löngu úr sögunni. Það dó daginn sem Ariel Sharon tók við völdum. Hann lofaði því í kosningabaráttunni að semja ekki frið við Palestínumenn og hefur staðið fullomlega við það kosningaloforð. Sá friður sem hann vill koma á verður aldrei neinn friður, því í því felst að sigra Palestínumenn í hernaði og loka þá inni í niðþröngum, ólífvænlegum gettóum með aðskilnaðarmúrnum. Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur úrskurðað múrinn ólöglegan og fyrirskipað að hann verði rifinn. Ísraelsmenn ætla (með stuðningi Bandaríkjanna) að hundsa dóminn líkt og samþykktir annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna í hálföld. Réttssýnu fólki sviður það óréttlæti.

Spurningu Fréttablaðsins er hægt að skilja sem svo að verið sé að flytja alla ísraelska landræningja frá Gaza og Vesturbakkanum, en því fer fjarri. Þetta er bara lítið brot af ólöglegum landnemabyggingum á palestínsku landi og í staðinn er verið að innlima



mun meira af landi Palestínumanna á Vesturbakkanum og gera að hluta af Ísrael.

Þorvaldur Örn

Mundu
neyðarsöfununina

Reikningur 542-26-6990,
kt. 520188-1349

Veðbókarvottorð að handan



Eftir
**Örn Bárð
Jónsson**
sóknar-
prest

Varla telst það sérstaklega frétt-næmt að Gyðingar hafi oft og einatt ítrekað þá skoðun sína að þeir eigi landið sem þeir gera tilkall til í Palestínu. Rökin eru oft þau að Guð hafi gefið þeim það fyrir mörgþúsund árum. Sömu rökum er ennfremur oft haldið á lofti af sumum kristnum trúarhópum. En hins vegar voru upphafsmenn zionismans og forystumenn í baráttunni fyrir stofnun hins nýja Ísraelsríkis margir hverjir guðleysingjar og vísuðu ógjarnan til texta Gamla testamentisins málstað sínum til framdráttar. En nú á dögum er þessu stundum haldið á lofti í deilunni um land í Palestínu.

Handleiðsla Guðs

Hún er ekki ný af nálinni sú hugsun að Guð geti leitt einstaklinga um lífs-

sjálfri og varðar sjálfskilning og tengsl hennar við Guð.

Guðs útvalda þjóð

Sjálfskilningur Gyðinga er m.a. fólgin í því að þeir séu Guðs útvalda þjóð. Þeir færa rök fyrir því með því að vísa til eigin sögu sem að mestu er skráð í Gamla testamentinu. Saga Gyðinga er merkileg og hún er hluti af trúararfi kristinna manna og múslima líka. Sagan af brottför Ísraelsmanna úr Egyptalandi undir forystu Móse og Arons, vegferð þeirra í eyðimörkinni og til fyrirheitna landsins, er okkur flestum kunn.

Skilningur kristinnar kirkju er að samfélag kristinna manna sé í raun hinn nýi Ísrael. Fyrirheitið um landið eigi með öðrum orðum við um andlegan veruleika. Á dögum Jesú Krists

dreg ég alvarlega í efa og hafna reyndar alfaríð þeirri skoðun að hægt sé að gera kröfur um einhvern hlutbundinn veruleika gagnvart öðrum aðila í þessu lífi á grundvelli þess að Guð hafi sagt eitt eða annað. Kristin kirkja getur og á að boða að í orði Guðs birtist hvatning til fólks um að lifa í sátt og samlyndi en sá boðskapur verður aldrei neyddur upp á neinn.

Geta Gyðingar krafist lands á grundvelli þess að Guð hafi gefið þeim það? Get ég sagt við nágranna minn að Guð hafi gefið mér fyrirheit um að ég megi slá eign minni á húsið hans? Er hægt að vísa til slíkra handanverandi (transcendental) raka, raka úr öðrum heimi? Er Gamla testamentið veðbókarvottorð handa Gyðingum? Um leið og vísað er með þessum hætti til hins handanverandi án þess að taka tillit til mennsku og kærleika, alþjóðalaga og réttlætis, er verið að slökkva í senn á vitsmunum og góðu hjartalagi.

Sama hugsun, sömu rök, birtast oft í afstöðu fólks hér á landi til andatrúar og miðla. Haustið 2003 var landskunnur miðill í viðtali í þættinum, Ísland í dag, á Stöð 2, ásamt forstöðumanni kristins trúfélags, sem á sér rætur í hreyfingu hvítasunnmannanna hér heima og í Bandaríkjunum. Ung kona, annar tveggja stjórnenda þáttarins, bað miðilinn ákøf og nánast á innsoginu, að segja sér og áhorfendum hvað hann sæi „í kringum forstöðumanninn.“ Sem betur fer féll miðillinn ekki í þá gryfju. Hins vegar lá í spurningu ungu konunnar beiðni um eitthvað yfirskilvitlegt, eitthvað handanverandi, eitthvað sem enginn getur véfengt eða dregið í efa, hvað þá rökrætt.

Hver getur rökrætt eitthvað sem annar aðili rökræðunnar hefur aðgang að en hinn ekki? Hér er að mínu viti á ferðinni samskonar röksemdafærsla og Gyðingar og sumir kristnir menn beita þegar þeir segja Gyðinga eiga landið á grundvelli þess sem ég kalla, veðbókarvottorð að handan.

Umræddur miðill hefur gerst skemmtikraftur í sjónvarpi (sem segir að mínu mati heilmikið um trúverðuleika andatrúar yfirhöfuð) og það er í raun dálítið skondið að til að andmæla gjörðum hans var fenginn forstöðumaður trúfélags sem á rætur í þeirri tegund af bandarískum kristindómi sem er þekktur fyrir að róa á sömu mið neysluyggju og skemmtanagildis og hefur álika afstöðu til kennivalds handanverunnar. Í grunninn virðist hugmyndafræði miðilsins, forstöðumannsins og sumra kristinna hópa hér á landi vera af sama meidi.

Rökleysa

Er hægt að hegða sér með umrædd-



Ísraelskir hermenn leggja til atlögu við mót-mælendur.

Myndirnar með greininni tók Arna Ösp Magnúsdóttir

ins veg og jafnvel heila þjóð eða þjóðir. Margir lifa í þeirri vitund og vissu að tiltekin atvik eða atburðir séu óræk sönnum um handleiðslu Guðs. Þegar einstaklingur lítur yfir liðna tíð geta vissir atburðir verið fyrir hugskotssjónum hans sem vörður á vegi sem ekki eru tilviljanir heldur lýsandi dæmi um tilgang og djúpa merkingu eigin tilvistar. Eftir á að hyggja líta þessir leiðarsteinar út í augum einstaklingsins sem merki um handleiðslu æðri máttar – Guðs. Margt fólk á í brjósti sér sannfæringu af þessu tagi enda þótt erfitt sé að sanna hana fyrir öðrum. Og þannig er það ætíð með trúna. Hún snýr að persónunni

þjuggu fornhebrear í Palestínu, í „fyrirheitna landinu“. En Jesús spáði eyðingu Jerúsalem árið 70 og þar með sundrun þjóðarinnar. Við þekkjum það af sögunni að ríki Gyðinga leið undir lok og varð ekki til aftur fyrr en árið 1948.

Og þá vaknar spurningin: Var stofnun Ísraelsríkis uppfylling fyrirheita Guðs? Eða var þetta aðeins afleiðing af ákvörðun breskra stjórnvalda og annarra ríkja til þess að stuðla að landnámi Gyðinga í Palestínu?

Rök að handan

Hvað varðar eignarhald á landinu þá

um hætti? Því miður beita menn oft slíkum örökum, slíki vit-leysu, bæði hér og úti í hinum stóra heimi. Ráðamenn Ísraelsríkis tala með þessum hætti, forseti Bandaríkjanna gerir það, fólk sem tekur mark á miðlum gerir það. Enginn maður sem vill láta taka mark á sér getur talað með slíkum hætti.

Guð kristni og gyðingdóms getur aldrei gefið mér rétt til þess að beita aðra órétti. Guð gefur Gyðingum engan rétt til þess að berja á Palestínunönnum né þeim síðarnefndu á hinum fyrri. Lögmálið auga fyrir auga og tönn fyrir tönn er úr gildi fallið. Í stað þess kemur boðskapur kærleika og fyrirgefningar, friðar og virðingar fyrir mennsku og mannlegri reisn. Notum það vit sem Guð hefur gefið okkur mönnum og skýlum okkur ekki á bak við hindurvítini eða ímyndaðan stuðning Guðs við fólskuverk. Guð er ekki leikfang í hendi fávísra manna.

Ósannanleg sönnun

Sjálfur trúí ég því að Guð leiði mig í lífi og starfi. Ég tel mig verða þess ápreifanlega varan. En ég get ekki fært fyrir því rök sem duga öðrum. Ég get aðeins borið því vitni með orðum. Slík upplifun og trú er og verður engum sönnun nema sjálfum mér. Við getum ekki fært rök fyrir handleiðslu Guðs. Um hana gilda einungis rök trúarinnar innra með þeim sem vona og vita í hjarta sér að eitthvað hefur tilvistarlega merkingu. Þess háttar upplifun er algeng. Guð er að verki í lífi einstaklinga og þjóða. En að nota slíkt með þeim hætti sem áður var um rétt gengur ekki upp.

Til komi heilbrigð skynsemi

Það sem ég kalla veðbókarvottorð Ísraelsmanna er ekki pappírins virði fremur en meintar sannanir andatrúarmanna og miðla. Notum skynsemina sem Guð hefur gefið okkur. Eina veðbókarvottorðið sem við höfum í höndum hvað varðar Biblíuna er líf og starf Jesú Krists og upplifun kynslóðanna af nærveru hans og handleiðslu. Þessu trúí ég og þess vegna held ég áfram að biðja fyrir heiminum og segi: Faðir vor, tilkomi heilbrigð skynsemi, heilbrigð trú og hindurvítinlaus, í málefnum Mið-Austurlanda og í almennri umræðu hér á landi.

Í stað landsins sem Guð „gaf“ kemur gjöf hins nýja, andlega ríkis þar sem réttlæti og friður haldast í hendur og kyssast. Í stað kröfunnar um land á að koma krafan um miskunn og skilning á þörfum náungans. Gjöf himinsins, gjöf hins himneska „lands“, er köllun til allra góðra

manna um að vinna í anda stjórnarskrár Guðsríkis. Í því ríki eru réttindi og skyldur færð í veðbækur, veðbækur hjartna okkar. Þar eru skráð réttindi og skyldur þeirra sem vilja starfa í anda kærleikans. Í stað þess að sækjast eftir landi, mold og steinum,



ber okkur að sækjast eftir landvinninum í ríki kærleikans. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er nærtækt verkfæri kærleikans. Þar er kveðið á um réttindi fólks sem þjóðir heimsins hafa samþykkt að allir skuli

njóta. Hvernig væri nú að leggjast á eitt um að þessi merka yfirlýsing öðlist gildi í raun?

Lausn í ljósi kærleikans

Við höfum réttinn til að elska og réttinn til að njóta ávaxta kærleikans, réttinn til að gefa og þiggja. Enginn hefur sett fram lögmál kærleikans á skýrari hátt en Jesús Kristur. Lesum veðbókarvottorðið sem innsiglað var með krossi og upprisu hans sem var kærleikurinn og miskunnin í mannsmynd. Lesum sögu hans sem var í senn sannur Guð og sannur maður. Engin persóna hefur haft eins bætandi áhrif á heiminn og hann.

Í ljósi alls þessa er mér fyrirmunað að skilja hvernig nokkur kristinn maður getur á grundvelli Biblíunnar stutt ofríki Ísraelsmanna gagnvart Palestínunönnum. Stuðningur við málstað Ísraelsmanna með ofurtrú á „fyrirheitin“ um landið eru að mínu áliti sama eðlis og afstaða farisea og lögmálsmanna á dögum Krists þegar hann barðist við mistúlkun þeirra og rangan skilning á orði Guðs og lögmálinu. Lögmálshyggja kristinna manna í sumum fríkirkjum landsins og í Bandaríkjunum veldur því að kærleikshjal hinna sömu verður að engu, því ofuráhersla á lögmálið leiðir óhjákvæmilega til kúgunar og misbeitingar.

Hollt er jafnan að muna orð Páls postula, sem eru sígild og leiðbeinandi hvað varðar skilning á Biblíunni allri og málefnum heimsins: „En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.“ (1 Kor. 13.13)

Hér er verið að hlúa að eldri manni sem meiddist í mótmælaaðgerðunum. Verið var að mótmæla eyðileggingu olívuakurs.



Þrátt fyrir þrengingarnar brosa þessir gömlu menn til íslenska sjálfboðaliðans og mynda sigurmerkið.

Neyðarsöfnun til Palestínu

Neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína (FÍP) hófst fljótlega eftir að síðari uppreisn Palestínumanna gegn hernáminu hófst haustið 2000. Frá upphafi hafa safnast 5 milljónir króna. Fyrstu 9 mánuði ársins 2004 hafa komið inn 650.000 kr.

Aðallega er um að ræða frjáls framlög einstaklinga inn á bankareikning eða í merkt söfnunarilát. Mikið hefur safnast á fjöldafundum og á tveimur listahátíðum sem Félagið Ísland-Palestína gekkst fyrir í samvinnu við listamenn og félagasamtök og einnig drjúgt á mörgum styrktar-tónleikum sem popptónlistarfólk hefur haldið. Fólk hefur gefið minningargjafir og afmælisgjafir og einstaklingar hafa gefið allt upp í 100.000 kr. Flest framlögin eru þó lág, en margt smátt gerir eitt stórt.

Meirihluta söfnunarfjárins hefur verið varið til að styrkja Læknishjálparnefndirnar (UPMRC) sem eru palestínsk grasrótarmeyfing undir forystu læknisins Mustafa Barghouti, sem er Íslendingum að góðu kunnur. Á þessu ári höfum við lagt 5000 Bandaríkjadali (375.000 ísl.kr.) inn á reikning þeirra. Á síðasta ári fengu Læknishjálpar-

Yfirlit yfir söfnunina

Tímabil	Greitt styrktarfé
2000 nóv.–feb.01	435.850 kr.
2001 mars–feb.02	415.650 kr.
2002 mars–des	2.377.140 kr.
2003 jan.–des.	1.128.377 kr.
2004 jan.–sept.	775.350 kr.
Samt. á 5 árum	5.132.367 kr.

nefndirnar hálfa milljón króna frá heilbrigðisráðherra til að koma upp færanlegri heilsugæslustöð. Einnig hafa tvö sjúkrahús, geðhjálparkerfni fyrir börn og blindrabókasafn verið styrkt.

Síðast en ekki síst hafa 24 sjálfboðaliðar fengið ferðastyrk til að dvelja og veita hjálp á áttaksvæðum í 2–10 vikur hver. Sjálfboðaliðar hafa með nærveru sinni freistað þess að bjarga mannlífum og hindra limlestingar og að hús saklausra borgara væru jöfnuð við jörðu. Einnig kynnast þeir ástandinu í Palestínu og miðla þekkingu á málinu.

Neyðarsöfnunin er alfarið rekin í sjálfboðavinnu. Kostnaður við hana er nánast enginn og hver króna kemst í réttar hendur. Við aðstoðum gjarna

félagasamtök, fyrirtæki og stjórnvöld við að koma stuðningsfé til áreiðanlegra aðila. Við auglýsum hér með eftir fyrirtækjum eða félögum sem vill leggja þessu hjálparstarfi lið. Stjórnvöld mættu einnig sýna lit.

Neyðarsöfnunin til Palestínu heldur áfram. Neyð Palestínumanna er mikil. Þeir búa við stöðuga ógn og eyðileggingu og eiga erfitt með að stunda búskap, atvinnu, viðskipti og sækja skóla. Mannréttindi þeirra eru fótum troðin. Við hvetjum fólk til að taka þátt og leggja peninga eftir efnu og ástæðum inn á reikning Félagsins Ísland-Palestína.

Reikningur: 0542-26-6990, Kt. 520188-1349

Skýring greiðslu: Neyðarsöfnun
Þorvaldur Örn Árnason,
gjaldkeri FÍP
Netfang: valdur@gi.is

Viltu ganga í Félagið Ísland-Palestína?

Greiða kr. 1800 á ári og fá fundarboð og blaðið Frjálsa Palestínu?

Farðu þá inn á www.palestina.is

Hvað get ég gert

til að styðja sjálfstæðis- og mannréttindabaráttu Palestínumanna?

- Lesa mér til á www.palestina.is og víðar
- Ræða málið við vini, fjölskyldu og vinnufélaga
- Skrifast pistla í blöð eða hringja í útvarpsstöðvar
- Sniðganga ísraelskar vörur í verslunum
- Hundsa tengsl við Ísraelsríki en efla tengsl við Palestínumenn
- Ganga í Félagið Ísland-Palestína
- Koma hugmyndum til stjórnar félagsins og taka þátt í starfi félagsins
- Ganga í bol og/eða með merki með áletruninni Frjáls Palestína
- Gefa í neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína
- Safna fé í neyðarsöfnun og/eða selja merki og boli
- Halda fundi, tónleika, ljóðakvöld eða matarboð og safna fé um leið
- Gerast sjálfboðaliði og dvelja í Palestínu í 1–3 vikur

Félagið Ísland-Palestína

Depluhólum 9, 111 Reykjavík

www.palestina.is – palestina@palestina.is

Bankareikn. 542 26 6990, kt. 520188-1349

Ný hljómplata:

„Frjáls Palestína“

Ívor fékk ég þá hugmynd að það íværi gaman að reyna setja saman plötu með íslenskum tónlistarmönnum, sem síðan yrði seld og allur ágóði myndi renna til flóttamanna í Palestínu. Allur stuðningur er ómetanlegur og getur hann verið með ýmsu móti. Tónlist er áhrifamikil og getur komið boðskap langt!

Ég hafði samband við nokkra tónlistarmenn og voru flestir mjög jákvæðir og vildu leggja sitt framlag af mörkum. Þess vegna er mjög ánægjulegt að segja frá því að safnplatan Frjáls Palestína mun koma út nú.

Hér er listi yfir hljómsveitirnar og lögin:

1. *KK* – Englar himins grétu í dag
2. *Vinyl* – Lost in My Mind
3. *Tenderfoot* – Waterfall
4. *Ske* – On the way we lose it somehow
5. *Lára og Delphi* – Why*
6. *Quarashi* – Payback
7. *Ensími* – Fairground*
8. *Ghostigital* – Bump*
9. *Santiago* – Road Lines
10. *Touch* – Justify*
11. *múm* – Once a Shiny Morning Puddle
12. *XXX Rotweiler ásamt KJ* – Peningar*

13. *Leaves* – Favour
14. *200.000 naglbítar* – Hjartagull
15. *Worm is green* – Push Play*
16. *Bob Justman* – Christmas Day´
17. *Gus Gus* – Ubeat*
18. *Mugison, Ragnar og Rúna Gúanó* – Stelpan mín*

Lögin sem merkt eru * eru aðeins fánleg á Frjálsri Palestínu.

Diskurinn verður m.a. seldur í 12 Tónum á Skólavörðustíg og fleiri hljómplötubúðum. Einnig er hægt að panta hann beint frá félaginu á palestina@palestina.is

Listafólkið gefur sitt framlag og er kostnaður við plötuna því í lágmarki. Ágóða af plötunni verður varið til ungmennastarfs í Balata flóttamannabúðunum gegnum verkefnið Project Hope. Markmið Project Hope er að veita æsku Palestínu stuðning og von um betri framtíð. Áhersla er lögð á menntun, en jafnframt á ýmiss konar afþreyingu og listsköpun. Á vegum verkefnisins eru haldin námskeið á ýmsum sviðum, t.d. í leiklist, myndlist, skyndihjál, ensku og öðrum tungumálum. Reynt er að hjálpa börnum og ungu fólki að vinna úr erfiðri lífsreynslu sinni, örvæntingu og vonleysi og jafnframt hvetja þau til að nýta jákvæða hæfileika sína.



Verkefnið er skipulagt og unnið af Palestínumönnum og rekið með aðstoð alþjóðlegra sjálfboðaliða. Helstu starfsvæði Project Hope í Palestínu eru í flóttamannabúðunum Balata og Askar, borginni Nablus og þorpinu Jayyous.

Frekari upplýsingar um starfsemi Ptoject Hope má nálgast á heimasíðu verkefnisins, www.palhope.net

Útgáfutónleikar verða á Gauki á Stöng 1. desember. Ég hvet félagsmenn sem og aðra að kaupa sér eintak.

Eva Einarsdóttir

Hljómsveitin Quarashi er ein þeirra hljómsveita sem eiga lag á safndiskinum til stuðnings flóttamönnum í Palestínu.

Ljós.:
Haukur Már

Það er okkar að velja

arabísku. Það verður seint sagt að áhyggjuleysi lýsi hans ævistarfi. Hann tókst á hendur áhyggjur erfiðustu baráttu síðari tíma. Honum tókst að koma á dagskrá baráttu þjóðar sem átti að útrýma og þar með var heimurinn vakinn til umhugsunar,

ekki bara um Palestínumenn heldur einnig Kúrda og Tíbeta og alla þá sem þurfa að berjast gegn „The Good Guys“ í vondum stríðum.

Arafat átti sína útgáfu af sögunni af úlfunum. Þegar hann flutti Sameinuðu þjóðunum sína fyrstu ræðu árið 1974, sagði hann: Ég stend hér vopnaður byssu frelsisbaráttumanns í annarri hendi og ólivutrésgrein í hinni. Ég segi við ykkur kærur meðbræður hvora viljið þið hjálpa mér að velja.

Þarna vorum við spurð hvorn úlfinn við vildum – heimsbyggðin, hið margrómaða alþjóðasamfélag – hvorn úlfinn vildum við fódra. Ef við ætlum að bera ábyrgð á stjórnarfarir í Írak og Afganistan, Ruanda og Fílabeinsströndinni og Suður-Afríku og Kóreu og Zimbabwe, hljótum við ekki líka að þurfa að svara spurningu Arafats? Og hvernig höfum við svarað spurningu hans með verkum okkar?

Og aftur að orðum Evu Lífur Ein-

arsdóttur. Hún sagði að ástandið í Palestínu skynjuðum við ekki til fulls af fréttáflutningi. Ástandið væri hræðilegra en við gætum gert okkur í hugarlund, og það mun ekki batna, segir hún „... fyrr en þessum mannréttindabrotum, drápum og viðbjóði linnir! Þótt ótrúlegt sé þá getur ein venjuleg manneskja eins og ég gert mikið fyrir palestínska fólkið, það finn ég, við úti í heimi gefum þeim von með okkar stuðningi ...“

Og einmitt það erum við að gera hér í kvöld.

Það er rétt að hvert og eitt okkar ber ábyrgð.

Við berum öll ábyrgð.

Það skiptir máli að við látum til okkar taka – í okkur heyra.

Það skiptir líka máli ef við gerum það ekki.

Það er okkar að velja.

Ögmundur Jónasson
alþingismaður

Framhald af bl. 3

Munið glæsilega og
efnismikla heimasíðu
Félagsins Ísland-
Palestína

www.palestina.is

Skellið ykkur á netið
og skoðið

Tölfræði sem segir meira en margar ræður




Haukur Már Haraldsson tók saman

Á vefsíðunni „ifamericanknew.org“ er að finna ýmsar upplýsingar sem ætlaðar eru til að leiða bandarískum almenningi fyrir sjónir hverjar afleiðingar stefnum Bandaríkjastjórnar í málefnum Ísraels og Palestínu hefur haft. Bandaríkin hafa lausn deilunnar í höndum sér vegna áhrifa sinna, en vegna áhrifna gyðingasamfélagsins þar í landi hafa afskipti þeirra orðið til þess að auka markvisst það óréttlæti sem ríkt hefur í samskiptum Ísraels og Palestínumanna.


Súluritin hér á síðunni segja meira en margar hjartnæmar ræður um það ástand sem ríkir í Palestínu og þann gífurlega mun sem er á lífskjörum þar og í Ísrael. Sama er að segja um félagslegt öryggi. Hryðjuverkastjórn Ariels Sharons hefur tekist með dyggri hjálp Bush forseta að búa svo um hnútana að friður er fjær en nokkru sinni fyrr.

Atvinnuleysi meðal Ísraels og Palestínumanna




Atvinnuleysi í Ísrael er 10,4% en meðal Palestínumanna er atvinnuleysis-hlutfallið talið vera milli 37 og 67%.

Fallnir Ísraelar og Palestínumenn frá 29. september 2000




Frá 29. september árið 2000 hafa 989 Ísraelar látið lífið í átökum en 2.438 Palestínumenn.

Uppbygging nýrra byggða Palestínumanna og Ísraels




Á tímabilinu mars 2001 til júlí 2003 voru rúmlega 60 gyðingabyggðir reistar á landsvæðum sem tekin voru af Palestínumönnum. Ekkert dæmi er um að Palestínumenn hafi tekið sér ísraelskt land og reist sér þar byggðir.

Ályktanir Sameinuðu þjóðanna gegn Ísrael og Palestínu




Sþ hafa samþykkt 65 ályktanir gegn háttsemi Ísraelsstjórnar en enga gegn Palestínustjórn.

Fallin ísraelsk og palestínsk börn frá 29. september 2000




Frá 29. september árið 2000 hafa 117 ísraelsk börn látið lífið fyrir hendi Palestínumanna. Á sama tíma hafa 647 palestínsk börn fallið fyrir hendi Ísraelsmanna.

Særðir Ísraelar og Palestínumenn síðan 29. september 2000




Frá 29. september árið 2000 hafa 6.709 Ísraelar og 28.135 Palestínumenn særst í átökum.

Daglegur fjárhagsstuðningur BNA við Ísrael og Palestínu



Bandaríkin styðja Ísraelsríki með fjárhæð sem svarar til 15.139.178 bandaríkjadala á dag, sem fara til ríkisstjórnarinnar og hersins. Stuðningur við frjáls félagsamtök í Palestínu svarar til 568.744 dala á dag.

Heimilum Ísraels og Palestínumanna eytt



Frá 29. september árið 2000 hefur eitt heimili Ísraelsmanna verið eyðilagt. Á sama tímabili hafa 2.202 heimili Palestínumanna verið lögð algerlega í rúst (14.436 eyðilögð að hluta).